

AUGLÝSING

**um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Akureyrarkaupstaðar
og Hörgársveitar um breytingar á mörkum sveitarfélaganna.**

Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlag nr. 138/2011 hefur innanríkisráðuneytið staðfest samkomulag Akureyrarkaupstaðar og Hörgárbyggðar frá 15. desember 2015 um breytingar á mörkum sveitarfélaganna, samanber samþykkt sveitarstjórnar Hörgárbyggðar frá 19. nóvember 2015 og bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar frá 1. desember 2015.

Staðarmörk sveitarfélaganna færast til suðurs á um 182 m kafla við Lón í Hörgársveit. Á þessum kafla verður Lónsá fundin nýr farvegur sem liggur í hlykkjum til að ásýnd hennar verði sem náttúrulegust og taki mið af umhverfi og landslagi. Land Akureyrarkaupstaðar skerðist um 0,41 ha en land Hörgársveitar stækkar að sama skapi.

Við þessa breytingu á staðarmörkum sveitarfélaganna breytast eftirfarandi punktar í hnitaskrá samkvæmt landshnitakerfinu ISNET-93 eins og sýnt er á upprætti sem er fylgiskjal samkomulagsins.

Nr.	Austur	Norður
H2	538791,921	578203,252
H3	538830,554	578236,480
H4	538844,494	578261,461
H5	538844,338	578299,828
H6	538854,775	578335,961

Staðarmörkin liggja í bugðum milli hnitaspunktanna H1 til H7.
Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 17. desember 2015.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Hermann Sæmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016